



**Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps
Fundargerð**

Fundur nr. 285 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps haldinn mánudaginn 16. nóvember 2020 kl. 17:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.

Fundinn sátu ásamt undirrituðu nefndarfólki, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

Dagskrá fundarins:

I. Skipulagsmál:

1. Iðnaðarsvæði í landi Fagradals og Víkur – Breyting á aðalskipulagi

Lögð er fram tillaga um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028.

Breytingin á aðalskipulaginu felur í sér að skilgreina efnistökusvæði og iðnaðarsvæði í fjörunni austan við Vík í landi Fagradals og Víkur.

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirliggjandi tillögu í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 31. gr. sömu laga.

Skipulagsfulltrúa er falið að senda Skipulagsstofnun skipulagstillöguna til yfirferðar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga, áður en tillagan verður auglýst.

2. Efnisvinnsla við Vík – Deiliskipulagstillaga

Lögð er fram tillaga um deiliskipulag fyrir vinnslu- og efnistökusvæði í fjörunni austan við Vík

Skipulagsnefnd samþykkir fyrirliggjandi tillögu og greinargerð í samræmi við 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og felur skipulagsfulltrúa að auglýsa tillöguna skv. 41. gr. sömu laga, samhliða breytingu á aðalskipulagi sama efnis.

3. Ytri-Sólheimar 5 - Deiliskipulagstillaga

Lögð er fram til samþykktar tillaga á deiliskipulagi vegna Ytri-Sólheima 5.

Skipulagið var auglýst frá 7. september 2020 til og með 19. október 2020 og bárust engar athugasemdir en umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna að teknu tilliti til ofangreindra umsagna. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

4. Pétursey 2 – Deiliskipulagstillaga

Lögð er fram til samþykktar tillaga á deiliskipulagi vegna Péturseyjar 2.

Skipulagið var auglýst frá 23. september 2020 til og með 9. nóvember 2020 og bárust engar athugasemdir en umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Vegagerðinni.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna að teknu tilliti til ofangreindra umsagna. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málinu.

Handwritten signatures in blue ink, including a large signature on the right and several smaller ones at the bottom.

Guðrún Hildur vikur af fundi.

5. Péturshólar – Deiliskipulagstillaga

Lögð er fram til samþykktar tillaga á deiliskipulagi vegna Péturshóla. Skipulagið var auglýst frá 23. september 2020 til og með 9. nóvember 2020 og bárust athugasemdir frá Öglu Sigríði Björnsdóttur og Friðbirni E. Garðarssyni og umsagnir frá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Minjastofnun Íslands, Umhverfisstofnun og Vegagerðinni.

Svar við athugasemdum frá Ax lögmansþjónustu slf.

Eins og kemur fram í mótæmum Ax Lögmanna fyrir hönd umbjóðands síns var leitað eftir umsögn Vegagerðarinnar við vegstæði og aðkomu að Péturshólum, svar Vegagerðarinnar var eftirfarandi „Vegagerðinni hefur ekki borist umsókn um að vegur að Péturshólum verði héraðsvegur og samkvæmt upplýsingum á fundi með landeiganda liggur ekki fyrir ákvörðun um slíka umsókn. Vegagerðin hefur því ekki aðkomu að málinu fyrir utan að veita heimild til tengingar við Péturseyjarveg 219. Tengin er þegar til staðar og mælir Vegagerðin með að hún verði nýtt áfram. Bent er á reglugerð nr. 774/2010 um héraðsvegi og umsóknir þar að lútandi til Vegagerðarinnar.“

Óskað er eftir upplýsingum um með hvaða hætti verði brugðist við athugasemdum Skipulagsstofnunar frá 26. september 2018. Skipulagsnefnd bendir á gjörbreyttar forsendur í deiliskipulagi og að í þeim felist að umferð verði mjög takmörkuð í ljósi þess að einungis er verið að sækja um byggingu tveggja húsa í stað 270 gistirýma. Skipulagsnefnd telur að eigendur Péturshóla eigi rétt á að fara um vegslóða þann sem liggur frá héraðsvegi 219 að Péturshólum og vísar þar í Yfirlandsskipatagerð á landi jarðanna við Pétursey frá 18. nóvember 1975, 1. gr á bls 9 þar sem segir: “Eigendur allra jarða skulu heimila gagnkvæma umferð um lönd sín vegna nýtingar hlunninda og vegna leitar að þeim“ Hvergi í landskiptagerðinni kemur fram að sérstaklega sé átt við landbúnaðrafnot eins og nefnt er í mótæmum Ax lögmansþjónustu. Samkvæmt jarðalögum 1. kafla 2. gr. eru hlunnindi skilgreind sem „hverskonar auðlindir, nýttar aðrar en grasnýttjar, lífræn og ólífræn efni og efnasambönd, villt dýr, plöntur, annað lífríki og önnur nýtanleg réttindi sem fylgja jörð.“ Skipulagsnefnd fellst ekki á þá túlkun Ax Lögmansþjónustu að heimild til farar um land Eyjarhóla sé einskorðað við eiganda jarðarinnar Valla.

Í nýju deiliskipulagi er ekki gert ráð fyrir að lagnir verði lagðar í landi Eyjarhóla.

Svar við bréfi frá Öglu Sigríði Björnsdóttur.

Aglá vekur athygli á að hún telji veruleg hættu skapist af bílaumferð. Skipulagsnefnd fellst ekki á það í ljósi nýs deiliskipulags þar fallið hefur verið frá hugmyndum um 270 gistirými á lóðinni.

Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna að teknu tilliti til ofangreindra athugasemda. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að ljúka málin með fyrirvara um breytingu á orðalagi, fristundahús verði hús.

Guðrún Hildur kemur aftur inn á fundinn.

6. Víkurbraut 5 – Umsókn um byggingarleyfi

Lagðar fram athugasemdir sem bárust við grenndarkynningu á fyrirhuguðum framkvæmdum á Víkurbraut 5.

Skipulagsnefnd lýsir ánægju sinni með áhuga umsækjenda á uppbygginu á lóðinni og vönduðum gögnum sem fylgja með umsókninni. Skipulagsnefnd tekur þó undir athugasemdir um mögulegt skuggavarp af húsinu á Víkurbraut 3 og ónæði fyrir íbúa á Sunnubraut af hringakstri um lóðina. Einnig er skortur á bílastæðum áhyggjuefni. Nefndin mælist til að umsækjandi endurskoði hönnun að teknu tilliti til athugasemda.



7. Sunnubraut 14-16 – Starfsleyfi

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands óskar eftir umsögn skipulagsyfirvalda um hvort fyrirhugaður rekstur byggingavöruverslunar að Sunnubraut 14-16 uppfylli ákvæði reglugerðar nr. 506/2010 um breytingu á reglugerð nr. 103/2010.

Skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við fyrirhugaðan rekstur í húsnæði Sunnubrautar 14-16.

8. Mylluland 9 – Umsókn um byggingarleyfi

Matthías Jón Björnsson sækir um leyfi fyrir stöðuvegg á lóðamörkum, í samræmi við framlögð gögn.

Samþykkt samhljóða.

9. Garðakot (201756) – Umsókn um stöðuleyfi.

Jarprúður Þórarinsdóttir sækir um stöðuleyfi fyrir gám við Garðakot (201756), í samræmi við framlögð gögn.

Samþykkt samhljóða.

10. Mýrarbraut 6 – Umsókn um stöðuleyfi.


Valdimar Gíslason sækir um stöðuleyfi fyrir gám við Mýrarbraut 6, í samræmi við framlögð gögn.

Samþykkt samhljóða.


Fundi slitið klukkan 20:16




Drífa Bjarnadóttir



Guðrún Hildur Kolbeins




Óðinn Gíslason



Kristján Þórðarson



George Frumuselu



Jónas Erlendsson